

**Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT)**, hér eftir nefndur **verkkaupi** og **Tónlistarskóli Reykjanesbæjar**, f.h. Lúðrasveitar Tónlistarskólans, hér eftir nefndir **verksalar** gera með sér eftirfarandi

## **SAMNING**

*um framkvæmd hátíðarhalda vegna öskudags í Reykjanesbæ árið 2006.*

### **1. grein**

Verksalar taka að sér framkvæmd hátíðarhalda á **Öskudegi 2006** samkvæmt nánari skilgreiningu í samningi þessum. Verksalar taka að sér prentun og dreifingu dagskrár. Verksalar sjá um undirbúning framkvæmda og almenn framkvæmdaatriði hátíðarinnar samkvæmt dagskrá, sem er í samræmi við það sem verið hefur á þessum degi undanfarin ár í Reykjanesbæ.

Eftirlitsaðili með samningi þessum f.h. MÍT er skrifstofa menningar, íþrótt- og tómstundasviðs Reykjanesbæjar.

### **2. grein**

Á þeim stað sem skemmtidagskrá fer fram, hafa verksalar heimild til að selja vöru og þjónustu. Samningsaðilum er þó heimilt að semja um þátttöku annarra, náist um það samkomulag allra aðila.

### **3. grein**

Fyrir samning þennan fá verksalar greitt **kr. 320.000-** (þrjú hundruð og tuttugu þúsund krónur).

### **4. grein**

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila.

### **5. grein**

Mál sem kunna að rísa af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjanes.

Gjört í Reykjanesbæ í janúar 2006

---

f.h. MÍT

---

f.h. Tónlistarskóla Reykjanesbæjar